Orkuveita Reykjavíkur



# Orkuveita Reykjavíkur - Fjárhagsáætlun

*Fjárhagsáætlun 2014 og fimm ára áætlun 2015 - 2019*

*Unnið í september 2013*

*Samþykkt á fundi stjórnar 20.9.2013*

# EFNISYFIRLIT

## Efnisyfirlit


Inngangur 1

Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur 2

Aðgerðaráætlun Orkuveitu Reykjavíkur 4

Forsendur fjárhagsáætlunar 5

Fjárhagsáætlun 2014 6

Fimm ára áætlun 2015-2019 8

Fjárfestingar 13

Staðlar og gæðavottun 14

Fjárhagsáætlun 2014 og langtímaáætlun 2015-2019 15

# INNGANGUR

## Inngangur

### PLANIÐ

Aðgerðaáætlun Orkuveitu Reykjavíkur og eigenda – ***Planið*** – var samþykkt vorið 2011 og felur í sér margvíslegar aðgerðir sem miða að því að bæta sjóðstöðu fyrirtækisins um 50 milljarða króna til ársloka 2016. Þar á meðal er eignasala, aðhald og frestun fjárfestinga, leiðrétting gjaldskrár og lækkun rekstrarkostnaðar. Árið 2013 er lykilár í framvindu Plansins þar sem á því hafa fallið til stórir gjalddagar af þungri skuldabyrði fyrirtækisins.

Stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur gera eigendum og almenningi grein fyrir framgangi Plansins ársfjórðungslega. Niðurstaða framgangsskýrslu fyrir fyrri árshelming 2013 var að heildarárangur er samkvæmt áætlun og allar aðgerðir umfram væntingar nema sala eigna.

### FJÁRHAGSÁÆTLUN

Fjárhagsáætlun 2014 er í samræmi við Planið og henni fylgir fimm ára áætlun fyrir árin 2015-2019. Núverandi umfang starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur er talið hæfa verkefnum fyrirtækisins. Því er ekki gert ráð fyrir neinum gertækum breytingum á rekstrinum eftir gildistíma Plansins.

### LÖGBUNDINN AÐSKILNAÐUR SÉRLEYFIS- OG SAMKEPPNIÞÁTTA

Á Orkuveitunni hvílir sú skylda að skipta upp starfsemi sinni þegar breytingar á raforkulögum nr.65/2003 taka endanlega gildi 1. janúar 2014. Nýtt form samstæðu fyrirtækisins er nú til umfjöllunar hjá eigendanefnd Orkuveitu Reykjavíkur, sem sett var á fót með erindisbréfi dags. 21. júní 2010.

Eitt leiðarljósa uppskiptingarverkefnisins er að rekstrarkostnaður aukist sem minnst innan samstæðunnar við uppskiptingu og staðinn sé vörður um það rekstrarhagræði sem náðst hefur á síðustu misserum. Jafnframt verði leitast við að nýta þau sóknarfæri, sem í uppskiptingu kunna að felast. Fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur fyrir 2014 felur í sér þessi markmið.



# STARFSEMI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

## Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur

Starfssvæði Orkuveitunnar nær til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur á og rekur fjórar virkjanir; jarðgufuvirkjanirnar á Nesjavöllum og Hellisheiði og vatnsaflsvirkjanir í Elliðaánum og Andakílsá í Borgarfirði. Jarðgufuvirkjanirnar, sem báðar eru á Hengilssvæðinu, eru margfalt aflmeiri en vatnsaflsvirkjanirnar.

### VIRKJANIR

Á Nesjavöllum eru framleidd 120 MW af rafmagni og 303 MW í Hellisheiðarvirkjun. Samanlagt afl vatnsaflvirkjanna í Elliðaánum og Andakílsá er 12 MW.



### RAFMAGNSVEITA

Raforkudreifing okkar nær til liðlega helmings landsmanna í sex sveitarfélögum við Faxaflóa. Dreifikerfið tengist landsneti raforkuflutningsins á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Það er í tengivirkjunum við Korpu, á Geithálsi og Hnoðraholti. Þaðan er rafmagnið leitt í háspennustrengjum til 13 aðveitustöðva, víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.



### HITAVEITA

Á höfuðborgarsvæðinu rekur Orkuveitan stærstu jarðhitaveitu í heimi auk smærri veitna á sunnan- og vestanverðu landinu. Umfangsmest er framleiðsla heits vatns á háhitasvæðinu á Nesjavöllum, 300 MWth, en á fjölda lághitasvæða eru samtals framleidd 600 MWth. Í Hellisheiðarvirkjun eru framleidd 133 MWth af heitu vatni.



### VATNSVEITA

Orkuveita Reykjavíkur rekur 13 vatnsveitur á starfssvæði sínu auk þess að selja neysluvatn í heildsölu til tveggja að auki, samtals til meira en helmings þjóðarinnar.

### FRÁVEITA



Orkuveitan á fráveitur í sex byggðarlögum og rekur dælustöðvar fyrir tvö sveitarfélög til viðbótar. Alls þjónar Orkuveitan liðlega helmingi þjóðarinnar í fráveitumálum.

### GAGNAVEITA

Orkuveitan hefur byggt upp verðmætt gagnaflutningskerfi, sem heimili og fyrirtæki á suðvesturhorninu hafa notið góðs af.


Kort af
VEITUSVÆÐI
Orkuveitu Reykjavíkur
Stykkishólmur
Grundarfjörður
Grund
Bifröst
Varmaland
Deildartunga
Reykholt
Hvanneyri
Borgarnes
Akranes og nágrenni
Reykjavík
Seltjarnarnes
Kópavogur
Álftanes
Garðabær
Hafnarfjörður
Mosfellsbær
Grímsnes
Hveragerði
Selfoss
Hella
Hvolsvöllur
Skýringar á korti
Vestmannaeyjar

# Aðgerðaráætlun Orkuveitu Reykjavíkur

Árangur Plansins 2011-2012 er um 1,7 milljörðum króna betri en gert var ráð fyrir. Allir þættir Plansins eru á áætlun nema hvað eignasala hefur gengið hægar en ráð var fyrir gert.

## PLANIÐ

| ÁÆTLUN | 2011 | 2012 | 2013H1 | 2013H2 | 2014 | 2015 | 2016 | ALLS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lækkun fjárfestinga | 1.205 | 3.518 | 1.063 | 1.627 | 2.518 | 2.410 | 2.659 | 15.000 |
| Eignasala | 1.000 | 2.000 | 2.550 | 2.550 | 1.900 | - | - | 10.000 |
| Aðhald í rekstri | 300 | 900 | 406 | 494 | 900 | 1.000 | 1.000 | 5.000 |
| Önnur lækkun fjárfestinga | 250 | 200 | 79 | 121 | 200 | 200 | 200 | 1.250 |
| Frestun fjárfestinga | - | 2.000 | 356 | 544 | - | -2.000 | -900 | - |
| **Samtals** | **2.755** | **8.618** | **4.454** | **5.336** | **5.518** | **1.610** | **2.959** | **31.250** |
| Víkjandi lán | 8.000 | - | 4.000 | - | - | - | - | 12.000 |
| Leiðrétting gjaldskrár | 1.122 | 1.552 | 524 | 691 | 1.295 | 1.330 | 1.499 | 8.013 |
| **Samtals** | **9.122** | **1.552** | **4.524** | **691** | **1.295** | **1.330** | **1.499** | **20.013** |
| **Alls** | **11.877** | **10.170** | **8.978** | **6.027** | **6.813** | **2.940** | **4.458** | **51.263** |

| RAUN | 2011 | 2012 | 2013H1 | 2013H2 | 2014 | 2015 | 2016 | ALLS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lækkun fjárfestinga | 1.825 | 4.808 | 1.672 | - | - | - | - | 8.305 |
| Eignasala | 1.115 | 212 | 979 | - | - | - | - | 2.306 |
| Aðhald í rekstri | 747 | 887 | 774 | - | - | - | - | 2.408 |
| Önnur lækkun fjárfestinga | 378 | 415 | 129 | - | - | - | - | 922 |
| Frestun fjárfestinga | - | 2.150 | 424 | - | - | - | - | 2.574 |
| **Samtals** | **4.065** | **8.472** | **3.978** | **-** | **-** | **-** | **-** | **16.515** |
| Víkjandi lán | 7.925 | 75 | 4.000 | - | - | - | - | 12.000 |
| Leiðrétting gjaldskrár | 1.128 | 2.200 | 895 | - | - | - | - | 4.223 |
| **Samtals** | **9.053** | **2.275** | **4.895** | **-** | **-** | **-** | **-** | **16.223** |
| **Alls** | **13.118** | **10.747** | **8.873** | **-** | **-** | **-** | **-** | **32.738** |

# Forsendur fjárhagsáætlunar

Forsendur fjárhagsáætlunar 2014 og fimm ára áætlunar 2015-2019 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í apríl 2013 sem og spám frá Fjármálaráðuneyti, Seðlabanka Íslands, Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. Forsenda um þróun gengisvísitölu byggir á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá apríl 2013 sem gerði ráð fyrir 2,2% veikingu íslensku krónunnar á árinu en þann 20. september þegar fjárhags-áætlunin var samþykkt hafði gengi krónunnar styrkst um 5,6% frá áramótum. Ef þjóðhagsspá gengur eftir veikist krónan því um 7,8% á síðasta ársfjórðungi. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá LME (London Metal Exchange) þann 16. ágúst 2013. Við ákvörðun vaxta var miðað við fólgna framvirka vexti eftir myntum og vaxtakjörum einstakra samninga.

## FORSENDUR

| LÝSING | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vísitala neysluverðs, breyting (%) | 4,2 | 3,4 | 2,8 | 2,5 | 2,5 | 2,5 | 2,5 |
| Byggingavísitala des-des, breyting (%) | 2,9 | 4,2 | 3,4 | 2,8 | 2,5 | 2,5 | 2,5 |
| Gengisvísitala í árslok (stig) | 237,8 | 239,7 | 239,7 | 239,7 | 239,7 | 239,7 | 239,7 |
| Magnbreyting í sölu (%) | 0-1,0 | 0-1,6 | 0,5-2,7 | 1,0-2,9 | 2,0-2,7 | 2,0-2,8 | 2,0-2,8 |
| Álverð, meðalverð ársins ($) | 1936,5 | 1991,0 | 2113,4 | 2207,7 | 2295,5 | 2374,6 | 2438,5 |




**Mynd 1 - EBITDA**

# Fjárhagsáætlun 2014

Gert er ráð fyrir að hagnaður ársins 2014 verði 6.342 m.kr. samanborið við 4.641 m.kr. tap samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2013, þetta er hækkun upp á 10.983 m.kr. Eiginfjárhlutfall er áætlað 20,3% í árslok 2014 samanborið við 17,2% árið 2013.

## REKSTRARREIKNINGUR

### Tekjur

Rekstrartekjur eru áætlaðar 38.595 m.kr. en eru 38.078 m.kr. í útkomuspá ársins 2013. Tekjur af smásölu vaxa um 891 m.kr. en dragast saman um 297 m.kr. í heildsölu.

### Gjöld

Rekstrarkostnaður án afskrifta er áætlaður 14.527 m.kr. samanborið við 13.713 m.kr. í útkomuspá árið 2013 sem er 5,6% hækkun. Áætlunin gerir ráð fyrir að hagræðingu sem lagt var upp með í aðgerðaráætlun OR og eigenda verði náð. Orkukaup og flutningskostnaður hækka um 235 m.kr. milli ára eða 4,3%.

## EFNAHGAGSREIKNINGUR

### Eignir

Gert er ráð fyrir að heildareignir nemi 263,4 milljörðum króna í árslok 2014 samanborið við 273,7 milljarða króna í árslok 2013 sem er 3,8% lækkun á milli ára.

### Eigið fé og skuldir

Gert er ráð fyrir að eigið fé nemi 53,4 milljörðum króna í árslok 2014 samanborið við 47,1 milljarð króna í árslok 2013. Þá er gert ráð fyrir að skuldir standi í 209,9 milljörðum króna í árslok 2014 sem er lækkun um 7,4% milli ára.

## SJÓÐSTREYMI

### Handbært fé frá rekstri

Handbært fé frá rekstri er áætlað 19,8 milljarðar króna árið 2014 samanborið við 19,7 milljarða króna árið 2013.

### Fjárfestingahreyfingar

Fjárfesting ársins í varanlegum rekstrarfjármunum er áætluð 5,8 milljarðar króna árið 2014 samanborið við 4,1 milljarð króna árið 2013.

Í samræmi við stefnu stjórnar um að leggja áherslu á kjarnastarfsemi verður áfram unnið að því að selja eignir utan kjarnastarfsemi. Í útkomuspá er gert ráð fyrir að eignasala verði 6,1 milljarður króna. Áætlað er að eignasala nemi 1,9 milljörðum króna á árinu 2014.

## FJÁRFESTINGAR

| LÝSING | RAUN 2012 | ÚTKOMUSPÁ 2013 | ÁÆTLUN 2014 |
|---|---|---|---|
| Virkjanir | 697 | 634 | 1.919 |
| Veitukerfi | 2167 | 3.125 | 3.156 |
| Önnur fjárfesting | 250 | 304 | 751 |
| **Alls** | **3.114** | **4.063** | **5.826** |

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

### Fjármögnunarhreyfingar

Gert er ráð fyrir að afborganir langtímaskulda nemi 20.606 m.kr.  Ekki er gert ráð fyrir frekari lántökum.

## SAMANTEKT

### KENNITÖLUR

| LÝSING | RAUN 2012 | ÚTKOMUSPÁ 2013 | ÁÆTLUN 2014 |
|---|---|---|---|
| EBITDA/Rekstrartekjur | 66,1% | 64,0% | 62,4% |
| Eiginfjárhlutfall | 20,4% | 17,2% | 20,3% |
| Veltufjárhlutfall | 0,5 | 0,7 | 0,5 |
| (Skuldir - vaxtaberandi eignir) / Handbært fé frá rekstri | 11,7 | 10,5 | 9,8 |
| (Skuldir - vaxtaberandi eignir) / EBITDA | 8,8 | 8,5 | 8,1 |

# Fimm ára áætlun 2015-2019

## REKSTRARREIKNINGUR

### Tekjur

Áætlað er að rekstrartekjur hækki um 9.241 m.kr. frá 2014 til 2019 eða sem nemur 23,9%. Mestu munar um aukningu í sölu á raforku til stóriðju sem hækkar um 1.585 m.kr. eða 22,5% sem er fyrst og fremst vegna hækkunar á álverði. Raforkusala á almennan markað hækkar um 2.543 m.kr. eða 23,2% og heitavatnssmá-sala hækkar um 2.281 m.kr. eða 23,2%. Tekjur af gagnaflutningum aukast um 413 m.kr. eða 23,5%.




**Mynd 2 - Tekjur**

### Gjöld

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður án afskrifta aukist frá 2014 til 2019 um 2.294 m.kr. eða 15,8%. Orku-kaup og flutningur hækka um 795 m.kr. eða 14,0%. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður hækkar um 1.498 m.kr. eða 16,9%. Aukinn rekstrarkostnað má að mestu rekja til verðlagsbreytinga.

EBITDA hækkar úr 24.068 m.kr. árið 2014 í 31.015 m.kr. árið 2019 eða sem nemur 28,9%.

### Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur lækka úr 257 m.kr. í 174 m.kr. frá 2014 til 2019. Á sama tímabili lækka vaxtagjöld um 466 m.kr. eða 7,4%.




**Mynd 3 - Afkoma**

## EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir í fjárhagsáætlun lækka á tímabilinu 2014 til 2019 um 16,3 milljarða króna eða 6,2% og verða um 247,1 milljarður króna árið 2019. Eiginfjárhlutfall styrkist jafnt og þétt á tímabilinu 2014-2019, þ.e. frá því að vera 20,3% í árslok 2014, í 47,6% í árslok 2019.




**Mynd 4 - Heildareignir**

Eigið fé í árslok 2019 er áætlað 117,5 milljarðar króna og eykst um 64,1 milljarð króna frá árslokum 2014. Þá er gert ráð fyrir því að heildarskuldir lækki á tímabilinu 2014 til 2019 úr 209,9 milljörðum króna í 129,6 milljarða eða um 38,3%.




**Mynd 5 – Heildarskuldir**

## SJÓÐSTREYMI

### Handbært fé frá rekstri

Handbært fé frá rekstri hækkar úr 19,8 milljörðum króna árið 2014 í 24,0 milljarða króna árið 2019 eða um 21,1%.

### Fjárfestingahreyfingar

Helstu fjárfestingaverkefni virkjana tengjast umhverfismálum Hellisheiðarvirkjunar en á tímabilinu er gert ráð fyrir að fjárfesting í þeim nemi um 10,2 milljörðum króna. Fjárfesting í gufuöflun er áætluð 2,3 milljarðar króna og er að mestu vegna tengingar Hverahlíðar við Hellisheiðarvirkjun. Ný áfangi varma-stöðvar er áætlaður á tímabilinu 23 m.kr.

Fráveituframkvæmdir á Vesturlandi hefjast að nýju á árinu 2015 og lýkur á árinu 2016 en þá eiga fráveitu-mál í þeim byggðarlögum að vera komin í sama horf og á höfuðborgarsvæðinu. Á tímabilinu er eingöngu um að ræða fjárfestingaverkefni vegna núverandi veitu- og framleiðslukerfa.




Mynd 6 - Fjárfestingahreyfingar

## Fjármögnunarhreyfingar

Endurgreiðslur lána eru um 21 milljarður króna á ári á fyrri hluta tímabilsins en frá 2017 er gert ráð fyrir að afborganir lækki og verði þá um 16-17 milljarðar króna á ári. Handbært fé frá rekstri þekur endurgreiðslu lána frá árinu 2015. Í árslok 2019 er gert ráð fyrir að handbært fé verði 2,4 milljarðar króna.




Mynd 7 - Afborganir skulda

# FIMM ÁRA ÁÆTLUN 2015-2019

## SAMANTEKT

### ORKUVEITA REYKJAVÍKUR – 5 ÁRA ÁÆTLUN

| LÝSING | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| EBITDA/Rekstrartekjur | 63,3% | 64,5% | 64,3% | 64,8% | 64,8% |
| Eiginfjárhlutfall | 25,2% | 30,6% | 35,8% | 41,5% | 47,6% |
| Veltufjárhlutfall | 0,2 | 0,6 | 0,5 | 0,4 | 0,3 |
| (Skuldir - vaxtaberandi eignir) / Handbært fé frá rekstri | 8,6 | 6,7 | 5,8 | 5,3 | 4,9 |
| (Skuldir - vaxtaberandi eignir) / EBITDA | 7,1 | 5,7 | 5 | 4,4 | 3,8 |



# Fjárfestingar

Hér getur að líta sundurliðun fjárfestinga í milljónum króna.

FJÁRFESTINGAR

| LÝSING | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Virkjanir | 697 | 634 | 1.919 | 2.543 | 305 | 3.155 | 5.798 | 3.539 |
| Veitukerfi | 2.167 | 3.125 | 3.156 | 5.637 | 4.364 | 5.041 | 5.814 | 5.421 |
| Önnur fjárfesting | 250 | 304 | 751 | 430 | 432 | 434 | 437 | 440 |
| **Fjárfestingar alls** | **3.114** | **4.063** | **5.826** | **8.610** | **5.101** | **8.630** | **12.049** | **9.400** |



# Staðlar og gæðavottun

### ISO 9001 - Alþjóðlegur gæðastaðall

Orkuveitan hefur innleitt gæðakerfi sem tekur á öllum þáttum starfsemi fyrirtækisins. Gæðakerfið er vottað af óháðum aðila og er tekið út af sama aðila tvisvar á ári.

### ISO 14001 - Alþjóðlegur umhverfisstjórnunarstaðall

Samkvæmt vottuninni er öllum umhverfismálum fyrirtækisins stýrt. Kerfið er tekið út tvisvar á ári af vottunaraðila.

### OHSAS 18001 - Alþjóðlegt vinnuöryggisstjórnunarkerfi

Með kerfinu er tekið á málefnum er varða vinnuöryggi og heilsuvernd. Kerfið er tekið út tvisvar á ári.

### HACCP/GÁMES - Alþjóðlegt matvælaeftirlitskerfi

Orkuveitan er stærsta matvælafyrirtæki landsins en neysluvatnsframleiðsla fyrirtækisins er skilgreind sem matvælaframleiðsla. Kerfið er vottað af heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags.

### ISO - 27001 - Alþjóðlegur staðall um upplýsingaöryggi

Orkuveitan hefur innleitt kerfi vegna upplýsingaöryggis sem tekur á öllum þáttum starfsemi fyrirtækisins. Upplýsingaöryggisstjórnkerfið er vottað af BSI og er tekið út af sama aðila árlega.

### Rafmagnsöryggisstjórnkerfi

Rafmagnsöryggisstjórnkerfi er lögbundið öryggiskerfi sem allar rafveitur verða að hafa til að mega starfa. Kerfið er vottað af Mannvirkjastofnun og er tekið út tvisvar á ári af óháðri skoðunarstofu.

# Fjárhagsáætlun 2014 og langtímaáætlun 2015-2019

| Rekstrarreikningur | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Smásala** | **28.326.132** | **29.288.834** | **30.179.724** | **31.462.545** | **32.685.518** | **34.114.736** | **35.588.635** | **37.194.149** |
| Rafmagn | 10.498.000 | 10.865.799 | 10.961.975 | 11.402.917 | 11.839.980 | 12.341.952 | 12.871.091 | 13.505.084 |
| Heitt vatn | 9.444.929 | 9.438.683 | 9.833.759 | 10.227.617 | 10.597.802 | 11.081.691 | 11.587.674 | 12.114.913 |
| Kalt vatn | 2.989.204 | 3.090.574 | 3.182.985 | 3.307.661 | 3.434.276 | 3.590.529 | 3.753.893 | 3.924.689 |
| Fráveita | 4.008.409 | 4.315.326 | 4.441.790 | 4.615.775 | 4.792.467 | 5.010.524 | 5.238.503 | 5.476.855 |
| Gagnaflutningur | 1.385.590 | 1.578.452 | 1.759.215 | 1.908.575 | 2.020.994 | 2.090.040 | 2.137.475 | 2.172.609 |
| **Heildsala** | **8.171.608** | **7.554.143** | **7.256.926** | **7.586.272** | **7.968.008** | **8.266.813** | **8.588.639** | **8.888.080** |
| Rafmagn | 7.915.271 | 7.403.360 | 7.057.798 | 7.379.214 | 7.753.343 | 8.042.356 | 8.353.943 | 8.642.705 |
| Heitt vatn | 205.560 | 100.396 | 147.028 | 152.917 | 158.451 | 165.686 | 173.251 | 181.134 |
| Kalt vatn | 50.777 | 50.387 | 52.100 | 54.141 | 56.213 | 58.771 | 61.445 | 64.241 |
| **Hagnaður af sölu eigna** | **41.522** | **3.376** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| **Aðrar tekjur** | **1.365.478** | **1.231.631** | **1.158.201** | **1.379.880** | **1.564.321** | **1.624.890** | **1.687.995** | **1.753.748** |
| **Rekstrartekjur** | **37.904.740** | **38.077.984** | **38.594.852** | **40.428.697** | **42.217.846** | **44.006.439** | **45.865.270** | **47.835.977** |
| | | | | | | | | |
| Orkukaup | 2.136.316 | 2.420.072 | 2.553.565 | 2.695.727 | 2.581.842 | 2.717.740 | 2.863.563 | 3.017.211 |
| Flutningur | 2.729.542 | 3.017.703 | 3.118.833 | 3.176.649 | 3.230.358 | 3.300.545 | 3.373.928 | 3.450.388 |
| Laun og tengd gjöld | 3.701.222 | 3.523.803 | 3.928.685 | 4.109.541 | 4.290.361 | 4.512.509 | 4.707.887 | 4.825.584 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4.293.531 | 4.751.488 | 4.926.162 | 4.877.448 | 4.893.142 | 5.163.208 | 5.222.077 | 5.527.762 |
| **Rekstrarkostnaður** | **12.860.611** | **13.713.066** | **14.527.246** | **14.859.366** | **14.995.703** | **15.694.002** | **16.167.456** | **16.820.946** |
| | | | | | | | | |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)** | **25.044.129** | **24.364.918** | **24.067.606** | **25.569.331** | **27.222.143** | **28.312.437** | **29.697.814** | **31.015.031** |
| Afskriftir | 10.371.085 | 9.053.358 | 9.221.718 | 9.372.996 | 9.556.287 | 9.681.270 | 9.885.604 | 10.110.900 |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT)** | **14.673.044** | **15.311.560** | **14.845.888** | **16.196.335** | **17.665.856** | **18.631.167** | **19.812.210** | **20.904.132** |
| | | | | | | | | |
| Áhrif hlutdeildarfyrirtækja | (9.754) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vaxtatekjur | 146.916 | 248.908 | 256.667 | 261.600 | 273.686 | 138.057 | 155.335 | 173.746 |
| Vaxtagjöld | (7.092.787) | (6.515.108) | (6.289.926) | (5.769.887) | (6.157.501) | (6.141.919) | (6.095.693) | (5.824.068) |
| Tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum | (11.547.680) | (15.364.671) | (1.420.693) | 3.115.204 | 2.182.715 | 2.378.039 | 1.966.339 | 436.993 |
| | | | | | | | | |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | **(3.830.261)** | **(6.319.311)** | **7.391.936** | **13.803.252** | **13.964.756** | **15.005.344** | **15.838.191** | **15.690.804** |
| Tekjuskattur | 1.535.261 | 1.677.995 | (1.050.226) | (2.256.515) | (2.044.360) | (2.122.303) | (2.084.082) | (1.720.272) |
| **Hagnaður (tap) ársins** | **(2.295.000)** | **(4.641.316)** | **6.341.710** | **11.546.737** | **11.920.396** | **12.883.041** | **13.754.108** | **13.970.532** |

| Efnhagsreikningur | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | **297.201.646** | **273.725.062** | **263.363.658** | **257.826.390** | **251.651.384** | **250.893.920** | **249.437.524** | **247.107.950** |
| **FASTAFJÁRMUNIR** | **278.912.770** | **254.017.008** | **249.156.820** | **251.131.136** | **238.106.473** | **237.925.022** | **240.461.351** | **239.528.450** |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 246.111.462 | 236.328.788 | 232.775.757 | 231.867.897 | 227.282.060 | 226.115.147 | 228.177.751 | 227.380.324 |
| Óefnislegar eignir | 1.218.980 | 1.312.384 | 1.470.042 | 1.614.719 | 1.744.869 | 1.860.493 | 1.961.590 | 2.048.161 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 59.826 | 59.826 | 59.826 | 59.826 | 59.826 | 59.826 | 59.826 | 59.826 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 3.265.182 | 2.496.422 | 596.422 | 596.422 | 596.422 | 596.422 | 596.422 | 596.422 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum | 14.150.678 | 3.112.795 | 3.480.274 | 6.150.048 | 7.484.568 | 8.354.486 | 8.727.193 | 8.505.148 |
| Aðrar fjáreignir | 10.639.374 | 10.706.793 | 10.774.498 | 10.842.224 | 938.728 | 938.648 | 938.568 | 938.568 |
| Reiknuð skattinneign | 3.467.268 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | | | | | | | |
| **VELTUFJÁRMUNIR** | **18.288.876** | **19.708.054** | **14.206.839** | **6.695.254** | **13.544.911** | **12.968.898** | **8.976.173** | **7.579.500** |
| Vörubirgðir | 402.872 | 382.872 | 372.872 | 372.872 | 372.872 | 372.872 | 372.872 | 372.872 |
| Viðskiptakröfur | 4.721.350 | 4.307.505 | 3.524.807 | 3.644.396 | 3.570.965 | 3.601.556 | 3.638.525 | 3.686.025 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum | 587.982 | 0 | 0 | 252.748 | 441.773 | 602.158 | 730.272 | 789.309 |
| Aðrar fjáreignir | 44.942 | 44.942 | 44.942 | 44.942 | 44.942 | 44.942 | 44.942 | 44.942 |
| Eignir ætlaðar til sölu | 5.347.856 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 298.181 | 298.181 | 298.181 | 298.181 | 298.181 | 298.181 | 298.181 | 298.181 |
| Handbært fé | 6.885.693 | 14.674.553 | 9.966.036 | 2.082.115 | 8.816.178 | 8.049.189 | 3.891.381 | 2.388.170 |
| | | | | | | | | |
| **Eigið fé og skuldir** | **297.201.646** | **273.725.062** | **263.363.658** | **257.826.390** | **251.651.384** | **250.893.920** | **249.437.524** | **247.107.950** |
| **EIGIÐ FÉ** | **60.647.823** | **47.084.086** | **53.425.796** | **64.972.533** | **76.892.929** | **89.775.970** | **103.530.079** | **117.500.611** |
| Sérstakur endurmatsreikningur | 51.791.161 | 49.874.635 | 49.874.635 | 49.874.635 | 49.874.635 | 49.874.635 | 49.874.635 | 49.874.635 |
| Gangvirðisreikningur | 1.760.000 | 1.760.000 | 1.760.000 | 1.760.000 | 1.760.000 | 1.760.000 | 1.760.000 | 1.760.000 |
| Óráðstafað eigið fé | 7.092.309 | (4.550.550) | 1.791.160 | 13.337.897 | 25.258.294 | 38.141.335 | 51.895.444 | 65.865.976 |
| | | | | | | | | |
| **SKULDIR** | **236.553.823** | **226.640.976** | **209.937.863** | **192.853.857** | **174.758.455** | **161.117.949** | **145.907.445** | **129.607.339** |
| | | | | | | | | |
| **Langtímaskuldir** | **202.128.714** | **198.204.884** | **181.391.127** | **163.974.863** | **150.626.914** | **135.921.373** | **120.392.738** | **104.486.442** |
| Skuldir við lánastofnanir | 201.546.363 | 197.062.732 | 179.159.548 | 159.447.567 | 144.016.056 | 128.652.917 | 113.797.921 | 99.168.004 |
| Lífeyrisskuldbinding | 483.377 | 522.577 | 561.778 | 600.980 | 640.183 | 679.387 | 718.592 | 757.798 |
| Aðrar fjárskuldir | 98.974 | 98.974 | 98.974 | 98.974 | 98.974 | 98.974 | 98.974 | 98.974 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 0 | 520.601 | 1.570.827 | 3.827.341 | 5.871.701 | 6.490.094 | 5.777.251 | 4.461.666 |
| | | | | | | | | |
| **Skammtímaskuldir** | **34.425.109** | **28.436.092** | **28.546.736** | **28.878.995** | **24.131.541** | **25.196.576** | **25.514.707** | **25.120.897** |
| Viðskiptaskuldir | 1.366.254 | 1.485.019 | 1.548.785 | 1.575.575 | 1.585.910 | 1.643.008 | 1.681.297 | 1.736.071 |
| Vaxtaberandi skuldir | 29.956.923 | 24.621.760 | 24.687.722 | 25.028.906 | 20.271.117 | 19.775.145 | 18.761.970 | 18.074.455 |
| Ógreiddir skattar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.503.909 | 2.796.926 | 3.035.856 |
| Aðrar fjárskuldir | 150.300 | 150.300 | 150.300 | 150.300 | 150.300 | 150.300 | 150.300 | 150.300 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum | | 54.798 | 35.715 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 2.951.632 | 2.124.214 | 2.124.214 | 2.124.214 | 2.124.214 | 2.124.214 | 2.124.214 | 2.124.214 |

| Sjóðstreymi | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | | |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | (2.295.194) | (4.641.316) | 6.341.710 | 11.546.737 | 11.920.396 | 12.883.041 | 13.754.108 | 13.970.532 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 18.493.550 | 21.630.871 | 7.453.952 | 2.393.083 | 3.701.100 | 3.625.823 | 3.974.019 | 5.213.328 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 9.754 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Tekjuskattur | (1.535.261) | (1.677.995) | 1.050.226 | 2.256.515 | 2.044.360 | 2.122.303 | 2.084.082 | 1.720.272 |
| Afskriftir | 10.371.085 | 9.053.358 | 9.221.718 | 9.372.996 | 9.556.287 | 9.681.270 | 9.885.604 | 10.110.900 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | (41.318) | (3.376) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lífeyrisskuldbinding hækkun (lækkun) | 31.383 | 39.200 | 39.201 | 39.202 | 39.203 | 39.204 | 39.205 | 39.206 |
| **VELTUFÉ FRÁ REKSTRI ÁN VAXTA OG SKULDA** | **25.033.999** | **24.400.742** | **24.106.807** | **25.608.533** | **27.261.346** | **28.351.641** | **29.737.019** | **31.054.237** |
| | | | | | | | | |
| **BREYTING Á REKSTRARTENGDUM EIGNUM OG SKULDUM** | **(698.729)** | **414.829** | **856.463** | **(92.799)** | **83.767** | **26.507** | **1.319** | **7.274** |
| | | | | | | | | |
| Greiddur tekjuskattur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (1.503.909) | (2.796.926) |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 137.916 | 248.908 | 256.667 | 261.600 | 273.686 | 138.057 | 155.335 | 173.746 |
| Greidd vaxtagjöld ISK | (5.411.118) | (4.862.638) | (4.909.200) | (4.627.116) | (4.639.398) | (4.766.105) | (4.756.691) | (4.433.643) |
| Móttekinn arður | 54.475 | 53.671 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Greiðslur annarra fjármagnsliða | (182.318) | (527.432) | (487.253) | 155.456 | 91.365 | 847.736 | 965.519 | 0 |
| **HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI** | **18.934.225** | **19.728.080** | **19.823.485** | **21.305.674** | **23.070.766** | **24.597.835** | **24.598.592** | **24.004.688** |
| | | | | | | | | |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | | | |
| Orkuver | (764.000) | (644.030) | (2.008.555) | (2.542.581) | (305.067) | (3.154.858) | (5.797.820) | (3.538.593) |
| Veitukerfi | (2.358.147) | (3.114.931) | (3.129.630) | (5.630.876) | (4.357.448) | (5.034.156) | (5.807.567) | (5.414.502) |
| Önnur fjárfesting | 373.510 | (303.894) | (688.160) | (436.356) | (438.085) | (440.966) | (443.920) | (446.948) |
| Afborganir skuldabréfa | 0 | 0 | 0 | 0 | 9.971.221 | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfesting í öðrum fyrirtækjum | (28.000) | 0 | 1.900.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar fjárfestingahreyfingar | 29.858 | 6.050.385 | 100 | 80 | 80 | 80 | 80 | 0 |
| **FJÁRFESTINGAHREYFINGAR ALLS** | **(2.746.779)** | **1.987.530** | **(3.926.245)** | **(8.609.734)** | **4.870.701** | **(8.629.901)** | **(12.049.227)** | **(9.400.043)** |
| | | | | | | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | | |
| Tekin ný langtímalán | 1.007.996 | 6.249.406 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir langtímaskulda | (12.317.428) | (24.176.155) | (20.605.757) | (20.579.861) | (21.207.404) | (16.734.924) | (16.707.173) | (16.107.856) |
| Greiddur arður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Lán frá eigendum | 74.640 | 4.000.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skammtímalán, hækkun (lækkun) | (125.280) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR ALLS** | **(11.360.072)** | **(13.926.749)** | **(20.605.757)** | **(20.579.861)** | **(21.207.404)** | **(16.734.924)** | **(16.707.173)** | **(16.107.856)** |
| | | | | | | | | |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | **4.827.374** | **7.788.861** | **(4.708.518)** | **(7.883.921)** | **6.734.063** | **(766.989)** | **(4.157.808)** | **(1.503.211)** |
| **Handbært fé í upphafi árs** | **1.652.484** | **6.885.693** | **14.674.553** | **9.966.036** | **2.082.115** | **8.816.178** | **8.049.189** | **3.891.381** |
| **Handbært fé í lok árs** | **6.885.693** | **14.674.553** | **9.966.036** | **2.082.115** | **8.816.178** | **8.049.189** | **3.891.381** | **2.388.170** |

Orkuveita
Reykjavíkur

HACCP

VOTTUN HF.
ÍST ISO 9001

VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001

VOTTUN HF.
OHSAS 18001

BSI
ISO 27001
IS 534496

Brunamálastofnun
Innri öryggisstjórn rafmagns